

95
12. okt.

S A M Þ Y K K T

fyrir

Raforkufélag Hofsóss.

1. gr.

Félagið heitir „Raforkufélag Hofsóss“.

2. gr.

Verkefni félagsins er að útvega félagsmönnum raforku til heimilisnota, og selja raforku til ljósa eftir því, sem orka stöðvarinnar brekkur til. Tilgangi sínum ætlar félagið sér að ná með því, að reisa rafstöð við Hofsá í Hofsóskaup-túni með nauðsynlegum leiðslutaugum.

3. gr.

Stjórn félagsins skipa 3 menn. Skal hún kosin á aðalfundi, er halda skal í marz mánuði ár hvert. Stjórnin skiptir með sér verkum þannig, að einn sé formaður, en hinir tveir meðstjórnendur.

4. gr.

Heimili félagsins og varnarþing er í Hofsós.

5. gr.

Í félaginu taka þessar lóðir þátt:

Baldurshagi, eign Vilhelms Erlendssonar kaupmanns.

Sandur, eign Kaupfélags Fellshrepps,

Bjarg, eign Páls Sigurðssonar héraðslæknis.

Allir félagar hafa jafnan atkvæðisrétt á félagsfundum.

6. gr.

Reikninga og bókhald félagsins annast stjórnin. Getur hún falið einum úr sínum hópi að hafa það með höndum. Reikningar félagsins skulu endurskoðaðir af tveim mönnum. Heimilt er rafmagnsnotendum, sem ekki eru félagsmenn, en kaupa rafmagn hjá félaginu, að kjósa annan þeirra. Skulu þeir þá fyrir aðalfund ár hvert hafa tilkynnt stjórn félagsins kosninguna skriflega, að öðrum kosti missa þeir þennan rétt sinn. Að öðru leyti skulu endurskoðendur, einn eða tveir eftir atvikum, kosnir á aðalfundi til eins ár í senn.

7. gr.

Formaður boðar til félagsfunda, munnlega eða skriflega til hvers einstaks félagsmanns, og eru þeir lögmætir sé helmingur félagsmanna mættur. Til funda skal þó æfinlega boða skriflega og geta þess í fundarboði, eigi að bera upp til samþykktar mikilsvarðandi málefni, sem snerta verulega hagsmuni félagsins.

Samþykkt slíkra málefna er því aðeins gildandi, að $\frac{2}{3}$ félagsmanna veiti þeim atkvæði sitt. Að öðru leyti gildir afl atkvæða.

95
12. okt.

8. gr.

Félagsmenn leggja fram hver um sig 1000 — eitt þúsund — krónur, upp í stofnkostnað. Að öðru leyti skal fjárförf félagsins fyrst um sinn fullnægt með lánsfé, og bera félagsmenn allir jafna ábyrgð á skuldbindingum þess. Engar kvaðir eða eignahöft leggjast á lóðir þær, sem taka þátt í félaginu.

9. gr.

Til þess að standa straum af árlegum kostnaði félagsins, svo sem vöxtum og afborgunum af lánum, reksturskostnaði, viðhaldi o. s. frv., skulu félagsmenn greiða árgjald fyrir hvert árskilóvatt um hemil. Árgjald þetta samanlagt má ekki vera lægra en svo, að það, ásamt öðrum tekjum félagsins, hrökkvi vel fyrir árlegum útgjöldum, að undanteknum þeim árum þegar kann að þurfa að gera mikilvægar umbætur á rafstöðinni vegna ófyrirsjáanlegra óhappa.

10. gr.

Félagsmenn geta gengið úr félaginu. Skuldbindingar þær, sem á félaginu hvíla og stofnað hefir verið til áður en félagsmaður sagði sig úr því, hvílir eftir sem áður að rétttri tiltölu á honum þar til að gerð hafa verið full skil. En greiða má hann sinn hluta af skuldbindingum félagsins og getur þá losnað alveg úr því. Sá, sem gengur úr félaginu, á engan rétt á að fá hluta sinn útborgaðan fyrir en við félagsslit, en á aftur á móti rétt á hlutdeild í hagnaði félagsins. Enginn má afhenda eða framselja öðrum hlutdeild sína í félaginu án samþykkis þess.

11. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða allt að 200 króna sektum, er renna í félagssjóð. Ennfremur skal hinn brotlegi sóttur til skaðabóta ef aðalfundur kveður svo á. Með mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal fara sem almenn lögglumál.

13. gr.

Samþykkt félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi ef $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykkja, enda hafi breytinganna verið getið, er boðað var til fundarins.

14. gr.

Nú þykir æskilegt að slíta félaginu og er það heimilt, ef $\frac{2}{3}$ hlutar félagsmanna samþykkja það á lögsmætum fundi. Skuldum eða eignum félagsins skal þá skipta niður á félagsmenn að jöfnu.

95 Raforkuveítusamþykkt þessi staðfestist hér með samkv. vatnalögum nr.
12. okt. 15, 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni
öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. október 1932.

Þorsteinn Briem.

Vígfús Einarsson.

96
12. okt.

REGLUR

um

notkun og meðferð rafmagns á Hofsós.

1. gr.

Rafmagnsveitan á Hofsós er eign félags sem heitir „Raforkufélag Hofsóss“.

2. gr.

Rafmagnsveitan selur félagsmönnum rafmagn til heimilisnota um hemil, og utanfélagsmönnum innan Hofsóskauptúns um mæli til ljósa, að svo miklu leyti sem afl stöðvarinnar hrekkur til. Ennfremur tekur rafmagnsveitan að sér hleðslu á rafmagnsgeymum.

3. gr.

Stjórn Raforkufélags Hofsóss hefir með höndum stjórn rafmagnsveitunnar. Fyrst um sinn er umsjá og eftirlit með rafmagnsstöðinni í höndum sömu stjórnar, en ráða má hún fastan stöðvarstjóra síðar, ef hún telur þess þörf.

4. gr.

Rekstrartími stöðvarinnar er dag og nótt allt árið, og má ekki taka strauminn af nema nauðsyn beri til, og þá svo stuttan tíma sem unnt er.

5. gr.

Rafmagnsveitan leggur húsálmur að vegg, þó eigi lengri en 35 metra. Að öðru leyti kostar umsækjandi algerlega innlagningu rafmagnstauganna, þar með talið gegntak, stofnleiðsla og greinispjald með öllum tilheyrandi tækjum, að undanskildum mælum, sem rafmagnsveitan leigir notendum.

Hver sá, sem óskar að fá rafmagn til ljósa frá rafmagnsveitunni, sendi skriflega beiðni um það til stjórnar raforkufélagsins, og sé um leið tekið fram,